

5. Reglugerð um hjóla- og sleðaflokk

- 5.1 Hjóla- og sleðaflokkur skal starfa innan Súlna, björgunarsveitarinnar á Akureyri
- 5.2 Flokkurinn hefur umsjón með hjólum, vélsleðum og sleðakerrum sveitarinnar og búnaði sem þeim fylgir.
- 5.3 Formaður flokksins leggur fram ökumannslista í upphafi starfsárs þar sem fram kemur hverjir eru ökumenn/umsjónarmenn hvers ökutækis .
- 5.4 Umsjónarmaður ökutækis sér til þess að það sé ávallt úkallsfært. Formaður flokksins fylgir því eftir.
- 5.5 Flokkurinn sér um að vel sé gengið um bíla- og tækjasali.
- 5.6 Alla vinnu og akstur á að færa í bækur, einnig skal flokkurinn halda skrá yfir tæki og búnað í sinni umsjá.
- 5.7 Flokkurinn skal sjá til þess að í hverju ökutæki sé ítarlegur listi yfir þann búnað sem í honum er.
- 5.8 Formaður flokksins skal sjá til að tæki séu ekki notuð til einkanota.
- 5.9 Hafa skal samráð við formann flokksins ef óskað er eftir tækjum til notkunar.
- 5.10 Skilja skal eftir orðsendingu þegar farið er á ökutækjum í ferðir og á æfingar.
- 5.11 Þeir sem aka ökutækjum í útköllum og æfingaferðum skulu nota hjálm og öryggisbrynju. Ökumenn skulu auk þess nota snjóflóðayli að vetrarlagi.
- 5.12 Félagar flokksins skulu viðhalda kunnáttu sinni á tækjum og búnaði með reglulegum æfingum og námskeiðum.

*Breytingar samþykktar á stjórnarfundi 23.10.2013
Fyrsta útgáfa 14.3.2012*